

einnig verða að dæma stefndan til að greiða stefnanda málskostnað í máli þessu, og þykir upphæð hans hæfilega ákveðin kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnandanum, Ara Páli Hannessyni, kr. 364.37 með 5% ársvöxtum frá 17. febrúar 1939 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað.

Ennfremur greiði stefndur kostnað allan af framangreindu yfirmati, þó ekki yfir kr. 200.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. febrúar 1940.

Nr. 6/1938. **Svínvetningabrautarfélagið**

(Pétur Magnússon)

gegn

Karli Helgasyni (Jón Ásbjörnsson).

Skýrslur brast um fjárhæð lögtakskröfu. Þessvegna synjað lögtaks.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir með stefnu 14. jan. 1938 skotið til hæstaréttar úrskurði fógætaréttar Húnavatns-sýslu, uppkveðnum þann 16. okt. 1937 af Guðbrandi sýslumanni Ísberg. Hefir áfrýjandi fengið leyfi dómsmálaráðherra samkvæmt 25. gr. laga nr. 112 frá 1935 til að áfrýja málinu, þótt lögtakskrafan nemi eigi 50 krónum. Svo hefir hann og fengið gjafsóknarleyfi fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann.

Fyrir hæstarétti krefst áfrýjandi þess, að hinn á-

frýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna lögtak, svo og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Af hálfu stefnda er krafizt staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í samþykkt um sýsluvegin Svinvetningabraut nr. 79 frá 12. okt. 1920, 3. gr. a-lið, er heimilað að krefjast gjalds til áfrýjanda af hverjum þeim, sem á land eða jörð, er vegurinn liggur um, er nemi árlega 1% af virðingarverði lands eða jarðar án húsa, en með jarðabótum. Kveður áfrýjandi gjald þetta síðar hafa verið lækkað niður í $\frac{3}{4}$ %. Það er ágreiningslaust í málinu, að vegurinn liggi um landspildu þá, er Blönduósshreppur hefir eignazt úr landi Hjaltabakka, og að hreppurinn hafi árlega greitt áfrýjanda vegagjald samkvæmt framangreindu ákvæði, miðað við fasteignamat landspildunnar óræktaðrar, þar á meðal fyrir árið 1936.

Með bréfi, dags. 27. júní 1932, seldi Blönduósshreppur stefnda „á erfðaleigu“ „til óákveðins tíma“ 2,47 ha lands úr ofangreindri landspildu. Skyldi stefndi hafa heimild til að selja eða veðsetja afnotarétt sinn á landi þessu ásamt húsum og öðrum mannvirkjum, er á því kynnu að vera gerð. Liggur þetta erfðaleiguland stefnda að Svinvetningabrautinni.

Þann 6. febrúar 1935 var nefnt erfðaleiguland stefnda metið til fasteignamats á kr. 2800.00 án húsa. Taldi áfrýjandi stefnda vera skylt að greiða í vegagjald $\frac{3}{4}$ % af matsverðinu samkvæmt fyrrgreindu ákvæði 3. gr. samþykktarinnar nr. 79/1920. Með bréfi, dags. 10. febr. 1937, krafðist hann þess,

að gjaldið fyrir árið 1936, kr. 21.00, yrði tekið lög-taki, en með hinum áfrýjaða úrskurði var synjað um framkvæmd lögtaks.

Áfrýjandi heldur því fram, að með fasteignamat-inu 6. febr. 1935 hafi aðeins verið metin ræktun og aðrar jarðabætur stefnda á landinu án húsa, en verð landsins órækaðs sé þar ekki metið með. Þetta hef-ir stefndi hinsvegar véfengt. Matsmennirnir hafa í sambandi við mál þetta skýrt svo frá, að þeir hafi metið landið „án sundurliðunar“, en „með fullu tilliti til afgangis á landinu til Blönduósshrepps“.

Vegna legu nefnds erfðaleigulands og réttinda þeirra, er stefndi hefir yfir því fengið, verður að visu að telja honum skylt að greiða áfrýjanda vega-gjald, en þó aðeins miðað við fasteignamat jarða-bóta hans á landinu án húsa, enda hefir Blönduóss-hreppur greitt áfrýjanda gjald fyrir árið 1936, miðað við fasteignamat landsins óræktaðs, eins og fyrr segir. En sökum þess að fasteignamatið frá 6. febr. 1935 er ekki nægilega skýrt eða sundurgreint um þau atriði, er hér skipta máli, þykir ekki unnt að ákveða með vissu gjald það, sem stefnda ber að greiða. Af því leiðir að synja verður um framkvæmd lögtaksins.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæsta-rétti, er ákveðst 200 krónur. Málflutningslaun skip-aðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, er ákveð-ast 120 krónur, ber að greiða úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hið umbeðna lögtak skal ekki framkvæmt.

Áfrýjandi, Svínvetningabrautarfélagið, greiði stefnda, Karli Helgasynt, kr. 200.00 í málskostn-

að fyrir hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, Péturs Magnússonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 120.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætaréttar Húnavatnssýslu 16. okt. 1937.

Hinn 9. marz þessa árs framkvæmdi hreppstjóri Blönduósshrepps lögtaksgerð samkvæmt kröfu „Svinvetningabrautarfélagsins“, hjá Karli Helgasyni, póst- og símstjóra á Blönduósi, til tryggingar og lúkningar á gjaldi fyrir árið 1936 af nýrækt nefnds gerðarþola, álögðu samkvæmt „samþykkt um sýsluvegin Svinvetningabraut“ frá 1920, 3. gr. a., að upphæð kr. 21.00. Lögtakinu var mótmælt af gerðarþola og málinu skotið til úrskurðar hins reglulega fógæta, sýslumannsins í Húnavatnssýslu. Málsskjölin hafa síðan gengið á milli aðilja og þeim gefinn kostur á að upplýsa málið. Nú síðast hefir Karli Helgasyni verið gefinn kostur á að skrifa frekari vörn í málinu, ef hann óskaði þess, en hann hefir lýst því yfir, að hann teldi ekki þörf frekari útlistana af sinni hálfu. Málið lægi ljóst fyrir.

Gerðarþoli krefst ógildingar lögtaksgerðarinnar í fyrsta lagi vegna þess, að Svinvetningabrautin frá Blönduósi að Svinavatni sé ekki lengur sýsluvegur, heldur þjóðvegur og sé gjaldskyldan því fallin niður fyrir þann hluta Svinvetningabrautarinnar, þó hún kunni að hafa áður verið til, einnig að því er Blönduóssland snertir. Og í annan stað sé það ekki hann (gerðarþoli), sem eigi land það, er gjaldið er álagt, heldur Blönduósshreppur. Og í þriðja lagi liggi Svinvetningabrautin alls ekki um ræktunarland hans.

Gerðarbeiðandi heldur því hinsvegar fram, að það hafi engin áhrif á gjaldskylduna til Svinvetningabrautarfélagsins, þó hluti brautarinnar hafi verið gerður að þjóðvegi. Fellst fógætarétturinn á þá skoðun gerðarbeiðanda, og verður því sú varnarástæða gerðarþola eigi tekin til

greina. Um hinar aðrar varnarástæður hans snertandi eignarréttinn og legu landsins verður hinsvegar ekki komið hjá að fara nokkrum orðum.

Í framangreindri samþykkt, 3. gr. a, segir svo um það, hverjir skuli vera gjaldskyldir: „Hver, sem á land eða jörð, er vegurinn liggur um eða er í Svinavatnshreppi, svo og eigendur Hamrakots skulu árlega greiða 1% af virðingarverði lands síns eða jarðar án húsa, en með jarðabótum“, Greinin nefnir „land“ eða „jörð“, en að því er bezt verður vitað, eru það eingöngu jarðir, sem hér er um að ræða, nema landspilda sú, — hér nefnd Blönduóssland, — er Blönduósshreppur hafði þá keypt af Hjaltabakkalandi og liggur suður frá Blöndu milli Húnvetningabrautar og Hnjúkalands, en um þá landspildu liggur Svinvetningabraut. Virðist ekki vera í alvöru véfengt, að Blönduósshreppur sé gjaldskyldur til Svinvetningabrautar sem eigandi þessa lands. Hinsvegar virðist, að því er þetta land snertir, alveg sérstaklega varhugavert að leggja viðari merkingu í orðin: „á land“ og „um land“ en þau almennast hafa í mæltu máli. Ber þar margt til. Má fyrst benda á, að þegar Svinvetningabrautarsamþykktin var sett (1920), var um nálega enga ræktun að ræða í Blönduósslandi sunnan Húnvetningabrautar, enda þá varla um aðra ræktun að ræða en þaksléttur. Má telja vist, að menn hafi ekki gert ráð fyrir útmælingu erfðafestulanda þar til ræktunar á næstunni, enda landið þá mjög óaðgengilegt, opnar mógrafir og blautar mýrar, þó það reyndist ræktanlegt síðar, er dráttarvélar, sáðgræðsla og notkun útlends áburðar kom til sögunnar. Virðist mega ganga út frá því sem gefnu, að þeir menn, er að samningu samþykktarinnar stóðu, a. m. k. sýslunefndarmennirnir, hafi ekki haft í huga að leggja gjaldskyldu af landi á þá menn, er kynnu að fá ræktunarlönd á erfðafestu úr Blönduósslandi. Ella hefði það verið tekið fram berum orðum, að sóm væri gjaldskylda þeirra sem landeigenda. Í annan stað er það mjög athyglisvert, að allt brautarfélagssvæðið, að undanteknu umræddu landi Blönduósshrepps, er þannig sett, að allir flutningar að og frá, er nokkru máli skipta, hljóta að fara um Svinvetningabraut, og er það því nánast aukaatriði, hvort brautin liggur um landið eða ekki. Allt öðru máli er að gegna um ræktunarlóðir í Blönduósslandi. Marg-

ar þeirra liggja þannig, að flutningar að og frá þeim eftir Svinvetningabraut eru með öllu útilokaðir í nútíð og framtíð. Allt að einu nýtur Svinvetningabrautarfélagið góðs af ræktunarlöndum þessum fyrir hækkað matsverð á Blönduósslandinu vegna tekna af lóðum. Á þann hátt greiðir Blönduósshreppur gjald af ræktunarlóðunum sem landeigandi, enda eru lóðarleigurnar þau einu not, er hann hefir af lóðunum.

Loks er enn ein ástæða fyrir hendi, er hvetur alveg sérstaklega til varfærni í því að leggja afleidda, viðari merkingu í orðin „á land“ og „um land“ en orðin sjálf tákna í daglegu tali og ætla má, að þeim hafi verið ætlað að tákna, er samþykktin var samin 1920, en hún er sú, að eigi er unnt að breyta samþykktinni, nema með samþykki hinna sömu aðilja, er settu hana, þó breyttar ástæður eða óglögg hugtakatakamörk gerðu það æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra þeirra, er á samþykktarsvæðinu búa, að Blönduósslandi undanskildu, að tekjur þaðan séu sem mestar. En af því leiðir, að þess er tæplega að vænta, að breyting fengist á samþykktinni, er feldi í sér rýrnun á tekjum af þessu sama landi.

Af því, sem hér að framan er tilfært, leiðir, að fógeta-rétturinn sér sér ekki fært að leggja viðari merkingu í hugtökin „eiga land“ og „um land“, en orðin sjálf tákna. En af því leiðir aftur, þar sem gerðarþoli hvorki á ræktunarland sitt né heldur liggur Svinvetningabraut um land hans, þá verður honum ekki gert að greiða hið umkrafða gjald til Svinvetningabrautarfélagsins, sem fógeta-mál þetta er af risið.

Gerðarbeiðandi hefir til vara krafizt þess, að úrskurðað verði í máli þessu um greiðsluskyldu Blönduósshrepps á hinu umkrafða gjaldi, en þar sem málinu að öðru leyti er eigi beint að Blönduósshreppi, er eigi unnt að taka þá kröfu til greina.

Því úrskurðast:

Gerðarþola, Karli Helgasyni, Blönduósi, ber eigi að inna hið umkrafða gjald af höndum. Lögtaksgerð hreppstjóra Blönduósshrepps þar af leiðandi felld úr gildi. Hvor aðili um sig beri kostnað sinn af málinu.